

Íslenska 6. bekkur

Skólaárið

Skólaárið 2024 - 2025

Helstu námsþættir vetrarins

Áhersla er á að vinna heildstætt og samþætta íslenskuna við önnur fög s.s. með vinnu með hugtök og textavinnu úr öðrum fögum. Læsi og ritun verður í forgrunni og áherslur í stafsetningu og málfræði tengd inn í þá vinnu. Unnið verður með ólíka texta.

Hver tími hefst annað hvort á innlögnum eða upprifjun á því efni sem unnið er með hverju sinni. Upplýsingum tengdum viðfangsefni hverju sinni er safnað á námsvegg.

Heimalestur, nemendur lesa og og vinna verkefni 5x í viku (20 mín í senn). Forráðamenn skrá lestur. Markmiðið er að lesa sér til skilnings og njóta þess að lesa bækur.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Unnið verður með lesskilningi og orðaforða með því að lesa ólíka texta og rifjaðir verða upp grunnþættir í uppbyggingu ritunnar (að gera góðar máls og efnisgreinar)

Unnið er með ólíkar textategundir með áherslu á orðaforða og lesskilning. Bætt verður inn ritunarþáttum eins og bein og óbein ræða, skammstöfunum og greinamerki. Nemendur læra að gera góða persónulýsingu og skrifa út frá eigin reynslu. Lögð verður áhersla á framsögn og hlustun.

Á þessu tímabili er haldið áfram að vinna með ólíka texta, lesskilning og orðaforða. Lögð verður áhersla á að læra að rökstyðja mál sitt og æfa sig að koma fram með sinn rökstuðning. Nemendur læra að vinna með heimildir og æfa sig að verða færir um að draga ályktanir út frá þeim texta sem unnið er með hverju sinni. Nemendur læra hvernig á að taka viðtal og kennt um spurnarformöfn. Einnig verður rifjað upp allt um nafnorð og töluorð ásamt því að kennt verður um sagnorð.

Lögð er áhersla á uppbyggingu sögu og þau bókmenntahugtök sem tengjast því. Nemendur vinna með myndasögur og búa svo til sína eigin sögu sem þau kynna fyrir samnemendum. Hér læra nemendur að útbúa bókakynninu um sögu að eigin vali. Farið er í lýsingarorð og unnið fjölbreytt með þau.

Unnið verður með ljóð og þau hugtök sem þeim tengjast. Farið er í bragfæði, rím, ljóðstafi og líkingar.

Lögð er áhersla mikilvægi þess að viðhalda móðurmálinu. Kynntar verða sögur sem orðið hafa til vegna dagbókaskrifa og bent á mikilvægi þeirra í sagnfræðilegu tilliti. Unnið verður áfram með ljóð og bætt inn hvað persónugerfing er.

Haldið er áfram að efla lesskilning og orðaforða með því að vinna með ólík textaform.

Í stafsetningu er unnið með -n og -nn í endingu orða, regluna um -y -ý og ey, um -UNN orðin (Sæunnarreglan og einkunnarreglan), hv og kv regluna og regluna um j á eftir g og k.

Lesnar verða kjörbækur, þ.á.m. Rottuborgarann og fleiri.

Námsaðlögun

Námsefnið er aðlagð eftir þörfum.

Námsmat

Unnið verður með talað mál og hlustun, bókmenntir, ritun og málfræði í gegnum heildstæð verkefni þar sem vinnuferill og framfarir verða metnar.

Leiðsagnamat

Próf á haust-og vorönn

Verkefnaskil

Námsgögn

Annar smellur

Orðspor 2, lesbók

Orðspor 2, vinnubók

Valin verkefni af skólavefnum

Valin verkefni úr öðru námsefni tengt sérkennslu.

Ljósrituð hefti frá kennara.

Textar úr Rauðkápu